

KOLVIÐUR

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2010

Velkomin á þriðja ársfund Kolviðar.

Ekki er í skipulagsská kveðið á um aðalfund eða ársfund en stjórnin vill halda uppteknum hætti og telur eðlilegt að árlega sé gerð grein fyrir starfsemi sjóðsins.

Ársfundur Kolviðar fyrir árið 2009 var haldinn á Nauthóli 7. júní 2010

Markmið

Markmið Kolviðar hefur ekkert breyst það er að binda kolefni í gróðri og jarðvegi og það er trú okkar að tími Kolviðar muni koma þegar þrýstingur eykst á fyrirtæki frá notendum um að þau þurki út CO2 fótspor sín með kolefnisjöfnun. Sama á við um eistaklinga sem er umhugað um framtíð ættmenna sinna.

Fjármál og endurskoðun

Árið 2010 kemur ekki vel út rekstrarlega.

Tekjur síðasta árs voru um 1,8 millj. á móti 15,8 millj. kr. tekjum árið áður og munar þar mestu um að samningur um kolefnisjöfnun á bílaflota ríkisins var ekki endurnýjaður.

Heildartekjur síðustu fjögurra ára eru rúmar 70 millj. þar af um 34 millj. fyrsta árið.

Framan af ári lifði stjórnin í þeirri trú að hið opinbera myndi kolefnisjafna bílaflota sinn miðað við alla þá umræðu sem var í gangi m.a. tengt Kaupmannahafnarfundinum um loftslagsmál.

Jólagjöfin sem kom 23. desember 2009 og heitir Lög um umhverfis og auðlindaskatta hafði áhrif á markaðinn fyrir kolefnisjöfnun og ljóst var að hann yrði mjög erfiður.

Við töldum víst að ríkið ætlaði að setja eitthvað af skattheimtunni í umhverfismál og fengum af því tilefni Daða Már Kristófersson umhverfishagfræðing til þess að fara yfir málin með okkur.

Fundir og bréfaskriftir voru við forsætis-, umhverfis- og fjármálaráðherra.

En svo fór að lokum að ríkið hafði ekki vilja til að framlengja samning sinn við Kolvið þannig að frá ársbyrjun 2010 og til dagsins í dag eru bílar ríkisins ekki kolefnisjafnaðir en slíkt myndi kosta ríkið um 14 milljónir á ári.

Brugðist var við samdrætti í tekjum með samdrætti á starseminni og var m.a. hlutastarfi sem einn stjórnarmanna gengdi fyrir okkur hætt.

Stjórnarmenn hafa sinnt því sem gera þarf í nafni Kolviðar og hefur Björgólfur Thorsteinsson verið ötull í því.

Kolviðarsjóðurinn stóð mjög vel í árslok 2009 þannig að ákveðið var að fara í gróðursetningu og framleiða upp í hugsanlega sölu til ríkisins eða inn á lager til síðari sölu. Í birgðum eru því

nú um 53.000 plöntur sem eru þegar farnar að dafna og vonandi binda kolefni. Söluverð þessara birgða ætti að vera um 15 millj. en bókfært virði um 3,5 millj. Kolviðarsjóðurinn er skuldbundinn til þess að halda eftir fjármunum til viðhalds og eftirlits með gróðrinum í 95 ár. Skuldbinding þessi er í árslok 2010 um 20,1 millj.

Endurskoðendur ársreikninga okkar voru KPMG sem fyrr.

Markaðssetning og sala á kolefnisjöfnun

Ýmsir möguleikar í markaðssetningu voru skoðaðir á árinu m.a. það að setja upp tölvuskjái og skráningarbúnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík að fyrirmynd frá San Fransisco. Verkefni þetta hófst á árinu 2009 en var fram haldið. Þegar það mál var komið í frekari úrvinnslu fréttist að flugfarþegar eru ekki sérlega viljugir til þess að skrá sig og kolefnisjafna ferðir sínar. Miðað við þetta og mikinn kostnað var þessu slegið á frest.

Guðrún Bergmann kom einnig að máli við okkur en hún hafði fengið þá hugmynd að konur sem markhópur hefðu áhuga á hreinu andrúmslofti og því viljugar til þess að kolefnisjafna losun fjölskyldunnar. Hún leitaði fyrir sér meðal málsmetandi kvenna í atvinnurekstri hér á landi og erlendis en áhugi virtist vera takmarkaður.

Fyrirspurnir höfðu hinsvegar komið frá einu fiskútflutningsfyrirtæki sem er að velta fyrir sér að marka sér sérstöðu með því að kolefnisjafna flutning vara sinna á erlendan markað. Einnig hefur annað af flugfélögunum sýnt kolefnisjöfnun áhuga. Allt er þetta í nafni bættrar ímyndar og lofar það góðu fyrir Kolvið.

Kolviður

Fjöldi þeirra sem hafa kolefnisjafnað

	Fyrirtæki	Einstakl.	Flug	Gjafabréf
2007	31	305	95	0
2008	4	21	38	3
2009	0	6	34	5
2010	2	7	15	1
2011		2	11	
	37	341	193	9

Gróðursetning og viðhald á Geitasandi

Gróðursett hefur verið í rétt tæplega 150 ha af þeim 190 ha sem Kolviður hefur til ráðstöfunar á Geitasandi. Miðað við ástand jarðvegs nú er vart mögulegt að gróðursetja í eftirstandandi 40 ha en þær aðstæður geta breyst m.a. vegna áburðargjafar útfyrir jaðra ungsjógarins og áhrifa hans.

Árið 2009 var gróðursett umfram skuldbindingar sjóðsins sem nam um það bil árs skuldbindingum miðað við tekjuflæði 2007 og 2008. Vegna falls í tekjustreymi hefur ekki verið gróðursett síðastliðin tvö ár þ.e. 2010 og 2011. En eins og áætlanir gerðu ráð fyrir hefur gróðursetningum verið viðhaldi með áburðargjöf en vegna samspils jarðvegs og trjátegundavals þarf að bera á ungsóginn á hverju ári í fimm ár frá gróðursetningu. Upphaflega var gert ráð fyrir handáburðargjöf en ákveðið var í samráði við framkvæmda- aðila, skógræktarfélag Rangæinga að bera á með kastdreifara. Það þýðir aukið áburðarmagn og efniskostnað en vinnuliðurinn lækkar og kemur það að hluta á móti auknum kostnaði vegna áburðarkaupa. Ávinningurinn er aukið magn næringarefna inn í hringrásina og gróðurhula bindur sandinn og fangar aðflutt næringarefni eins og ösku og fokjarðveg.

Þrif ungsóggarins hafa verið vel eftir væntingum og engin stór afföll hafa komið til. Næsta sumar kemur til endurgróðursetningar í fyrstu gróðursetningar, þ.e. frá 2007 en áætlun gerir ráð fyrir að um endurgróðursett sé að jafnaði um 400 plöntur á hektara fimm árum eftir upphafs gróðursetningu. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að upphafspéttleiki á hektara væru 2700 plöntur en vegna góðs árangurs er ástæða til að stefna að upphafspéttleika á bilinu 2000 – 2500 pl/ha.

Á árinu 2010 tókst loks að ganga frá leigusamningi á því landi sem við höfum gróðursett í á Geitasandi. Samningur hafði áður verið gerður en hafnað í landbúnaðarráðuneytinu vegna tímalengdar en þeir sættust síðan á að leigja landið til 50 ára með framleigurétti.

Þrátt fyrir fremur stirt starfsumhverfi þá lítum við svo á að þetta sé tímabundið og því hefur verið lögð vinna í að skoða framtíðarmöguleika varðandi land til gróðursetninga.

Skoðaðir hafa verið möguleikar á að leigja land m.a. frá Landgræðslunni og einnig möguleika varðandi kaup á landi.

Engar niðurstöður eru komnar í þessu máli enda þarf að lifna yfir viðskiptunum áður en hægt er að ganga frá nokkru en þó þarf að hafa úrlausnir tilbúnar.

2011

Stjórn Kolviðar var ekki sérlega sátt eftir erfitt ár 2010.

Staða mála í dag er lítið skárri en fyrra ár, tekjur samkv. 9 mán. uppgjöri eru um 1,5 millj. og kostnaður tæpar 4 millj. Eignir eru rúmar 16 millj.

Á markaðssviðinu á árinu 2011 hefur þetta helst gerst.

Áfram hefur verið þrýst á stjórnvöld um að þau kolefnisjafni bílaflota ríkisins til þess að tryggja lágmarksstarfsemi sjóðsins og einnig ekki síður til þess að sýna fordæmi og traust á því sem við erum að gera.

Einn af okkar viðskiptavinum Ísafold Travel óskaði eftir límmiðum til þess að setja í bíla sína og voru slíkir miðar útbúnir og ættu þeir að geta nýst fyrir fleiri viðskiptavini.

Við kynntum Kolvið með blaðagrein og auglýsingu í apríl sl.

Áfram hefur verið unnið að samningagerð við Sæmark og Icelandair.

Verið er að skrá merki Kolviðar hjá Einkaleyfastofu og ætti það að vera klárt um n.k. mánaðarmót.

Farið var í það að leita að aðila sem væri tilbúinn að taka að sér markaðssetningu og sölu á kolefnisjöfnun fyrir Kolvið með bónusfyrirkomulagi þannig að engin sala ber ekki með sér kostnað en það er mikill ávinningur fyrir báða aðila að vel gangi.

Gengið var frá samningi við Jóhann Guðna Reynisson þann 12. okt. sl.

Jóhann Guðni Reynisson mun kynna okkur sínar hugmyndir undir önnur mál.

Samhliða samningnum um markaðssetningu og sölu var einnig útbúinn grunnur að samningi við fyrirtæki um kolefnisjöfnun og notkun á merki Kolviðar.

Einnig var forsendugrunnur verðlagningar kolefnisjöfnunar endurskoðaður og samþykkt var að nota leiðbeiningar um mælingar og stjórnun CO2 frá flutningastarfsemi „Allan McKinnon Guidelines for Measuring and Managing CO2 from Freight Transport Operation, Cefic and ECTA“ þar sem losun frá flutningabílum, lestum, fljótabátum, stuttum sjóleiðum, sjóflutningum og flugi er skilgreind.

Heimasíða Kolviðar hefur virka notkun þannig voru 263 notendur með 367 innlit og 1.136 flettingar í október á þessu ári. Heimasíðan hefur hlotið góða dóma en væntanlega fer hún að þarfnast uppfærslu.

Næstu skref sem snúa að stjórn Kolviðar eru m.a:

- Tryggja land til skógræktar
- Setja starfsreglur stjórnar samkv. 5. gr. skipulagsskrárinnar

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum gott samstarf.

- Björgólfi Thorsteinssyni
- Magnúsi Gunnarssyni
- Einari Gunnarssyni

Reynir Kristinsson
Stjórnarformaður